

# Íslenzkt fullveldi í Evrópu

Þorvaldur Gylfason

Það var á þessum degi árið 1918, að forfeður okkar og mæður fögnuðu fengnu fullveldi og langþráðri endurheimt sjálfstæðis eftir langa nótt ófrelsis og fátæktar. Þorsteinn Gíslason ritstjóri lýsti fullveldisdeginum svo: „Þennan dag var veður hér í Reykjavík eins fagurt og fremst má verða á þessum tíma árs, himinninn heiður og blár, andblærinn frostlaus og kyrr og fönn í hæstu fjöllum.“ Þjóðin horfði vonglöð fram á veginn. Framsókn þjóðarinnar frá örbirgð til álna hófst fyrr: hún hófst með því afli og áræði, sem Jónas Hallgrímsson, Jón Sigurðsson og samherjar þeirra blésu Íslendingum í brjóst um miðja 19. öld. Jónas orti kjark í þjóðina og kenndi henni að meta fegurð landsins og tungunnar. Jón forseti var ódeigur umbótamaður og hélt merkjum þjóðfrelsis og frjálstra viðskipta hátt á loft hlið við hlið. Hann var hlyntur viðskiptum og erlendri fjárfestingu, svo að ferskir vindar og stríðir straumar fengju að leika frjálzir um landið. Hann óttaðist ekki um stöðu Íslendinga í straumkasti stórbjóðanna. Hann var þess fullviss, að Íslendingar myndu eflast af samskiptum við aðrar þjóðir.

Rök Jóns forseta fyrir þeirri sannfæringu, að þjóðfrelsi og hagfrelsi haldast í hendur, sé vel á haldið, ganga gegn þeirri skoðun, að aukin tengsl við útlönd, til dæmis með aðild að Evrópusambandinu, ógni fullveldi Íslands. Fullveldi lands á ekki að vera óskorað, hvorki fullveldi Íslands né annarra landa. Fullveldisskerðing á afmörkuðum sviðum er skipulögð af ráðnum hug: við skerðum fullveldi okkar vitandi vits til að vernda fullveldið. Í þessum orðum er engin þversögn fólgin. Við fórnum hvert og eitt fullveldi okkar með frjálsum og glöðu geði, þegar við göngum í hjónaband. Hjónabandið er eitt gifturíkasta uppátæki mannsins líkt og eldurinn, tungan og hjólið. Hjónaband er sáttmáli um gagnkvæma skerðingu fullveldis í hagnýtum og tilfinningalegum tilgangi. Hjónaband hentar samt ekki öllum, svo sem eðlilegt er, en það hefur hentað langflestu fólki svo langt sem sagan nær aftur í tímann og tíðkast einnig víða í dýraríkinu. Í lýðræðisríkjum, þar sem meiri hluti kjósenda fær að ráða ferðinni um þjóðmál, verður gagnkvæm fullveldisskerðing á afmörkuðum sviðum því jafnan fyrir valinu í frjálsum kosningum, en þó ekki alltaf, því að stundum ná sérhagsmunir að yfirgnæfa almannahag.

Til þessarar niðurstöðu liggur einföld ástæða. Margt af því, sem við tökum okkur fyrir hendur, hefur áhrif á aðra og er því ekki á ekki vera einkamál okkar. Íslendingar ákváðu að ganga í Atlantshafsbandalagið á sínum tíma vegna þess, að varnir Íslands eru ekki íslenzkt einkamál: við vorum hlekkur í varnarkeðju vina okkar og bandamanna. Flestar aðrar þjóðir, sem við berum okkur helzt saman við, komust að sömu niðurstöðu. Aðeins örfá Evrópulönd, þar á meðal Finnland, Írland og Svíþjóð, ákváðu af ólíkum ástæðum að standa utan bandalagsins. Við

Íslendingar skertum með inngöngunni fullveldi okkar af fúsum og frjálsum vilja Alþingis. Ráðist Rússar inn í Eystrasaltslöndin nú eða ráðist Sýrlendingar inn í Tyrkland, er Ísland komið í stríð samkvæmt Atlantshafssáttmálanum. Við bundum hendur okkar vitandi vits. Markmiðið með sáttmálanum – markmiðið með fullveldisskerðingunni, sem sáttmálinn felur í sér – er að draga úr líkum þess, að aðildarlöndin verði fyrir árásum. Það hefur tekizt svo sem vonir stóðu til.

Ákvörðunin, sem bíður Íslands um aðild að Evrópusambandinu, er sama eðlis og ákvörðunin um aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Viljum við á vettvangi Evrópusambandsins rugla enn frekar saman reytum okkar við nánustu vinabjóðir okkar í Evrópu – allar að svo stöddu nema Noreg og Sviss – eða viljum við standa áfram utan bandalagsins? Ég segi enn frekar, því að innganga okkar á Evrópska efnahagssvæðið 1994 fól í sér umtalsverða og frá mínum bæjardyrum séð velkomna fullveldisskerðingu með því til dæmis að knýja okkur til að færa margvíslega löggjöf í nútímalegt horf. Utan efnahagssvæðisins hefðu þessar réttarbætur trúlega látið á sér standa. Látum eitt dæmi duga. Verðsamráð olíufélaga, sem um áratugaskeið var látið viðgangast í blóra við almannahag og var leyft að lögum, er ekki lengur löglegt. Réttarbótin og hagsbótin, sem fylgdi henni, barst að utan. Þeir, sem á fyrri tíð högnuðust mest á verðsamráði og helztu bandamenn þeirra í stjórnámálum, eru einmitt í hópi þeirra, sem af mestri hörku hafa barizt gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Það var ekki fyrr en eftir að þeir höfðu keyrt Ísland í kaf, að þeir ljáðu loksins máls á hugsanlegri endurskoðun á afstöðu sinni til Evrópumálsins.

Hér er komið að kjarna máls. Bumbusláttur þeirra, sem ala á ótta við framsal fullveldis, er iðulega ekki annað en skálkaskjól manna, sem skelfast að missa illa fenginn spón úr aski sínum. Við þurfum að deila fullveldi okkar með öðrum Evrópuþjóðum einmitt til að losna undan ofríki innlendra sérhagsmuna. Þess vegna styðja skozkir þjóðernissinnar af heilum hug aðild Bretlands að Evrópusambandinu. Þess vegna styðja katalónskir þjóðernissinnar með líku lagi aðild Spánar að Evrópusambandinu. Þjóðrækni og heimshyggja eru falskar andstæður. Jón forseti var þjóðrækin heimsborgari. Heimastjórnarkynslóðin var að miklu leyti steypit í sama mót og Jón forseti: Páll Briem, Valtýr Guðmundsson, Hannes Hafstein, Einar Benediktsson og Einar H. Kvaran, svo að fimm nöfn stjórnámálanna og skálda séu nefnd til sögunnar. Þessi lýsing á þeim á einnig við um þá nútímamenn, sem telja hag Íslands bezt borgið innan Evrópusambandsins. Við viljum, að Ísland gangi inn í sambandið, einmitt vegna þess að við elskum Ísland. Hlustum á skáldið Einar H. Kvaran á almennum fundi í Iðnó 1896:

Ekkert gönuskeið ættjarðarástarinnar er háskalegra hjá fámennri og afskektri þjóð heldur en innilokunarlöngunin. Í öllum lifandi bænum – hvað sem öllu öðru líður – þá lofum lofti heimsmenningarinnar, heimshugsananna að leika um

okkur. Hræðumst ekki, þótt í því kunni stundum að berast skarpar skúrir, þrumur og eldingar, og jafnvel óhollir eyðimerkurvindar. Það er eina ráðið til að viðra okkur, láta baðstofulyktina rjúka af ættjarðarást okkar og öllum okkar tilfinningum og öllum okkar hugsjónum, eina ráðið til að fá nýtt loft ofan í lungun. Lokum okkur ekki inni.

Sumir segja, að okkur dugi aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu. Gróft á litið jafngildir hún tveim þriðju hlutum af fullri aðild að Evrópusambandinu. En þriðjungurinn, sem á vantar, skiptir þó miklu máli. Það, sem á vantar, er einkum þrennt auk áhrifanna, sem við höfum eðlilega ekki á sambandið svo lengi sem við stöndum utan þess. Í fyrsta lagi myndu Íslendingar fá að njóta lægra matarverðs, og kaupmáttur heimilanna ykist eftir því. Í annan stað yrðum við áskrifendur að samkeppnisstefnu Evrópusambandsins, og þá fengjum við um leið aðgang að sameiginlegu samkeppniseftirliti gegn okri, og íslensk fákeppni þarf á auknu aðhaldi og eftirliti að halda. Í þriðja lagi myndu lægri vextir fylgja upptöku evrunnar, og þá yrði verðtrygging óþörf sem meginregla í innlendum fjármálasviðskiptum. Verðtryggingin er hluti þess kostnaðar, sem fylgir því að halda krónunni sem lögeyri á Íslandi. Krónan birtist nú vaxandi fjölda fólks og fyrirtækja sem kúgunartæki eða refsivöndur í höndum ríkisstjórnar og Seðlabanka, svo mjög sem stjórnvöldum hafa verið mislagðar hendur í peningamálum.

EES-samningnum var ætlað að snúast um efnahagsmál í þröngum skilningi og ekki um stjórnsmál, enda náði samningurinn til dæmis ekki til landbúnaðarmála, sem viðkvæmir hagsmunir eru bundnir við. Í honum felst ekki heldur að neinu marki krafa um framsal á fullveldi, eða réttar sagt: krafa um, að aðildarlöndin deili fullveldi sínu hvert með öðru umfram það, sem gera verður ráð fyrir í síminnkandi heimi. Þetta var með ráðum gert, svo að EFTA-löndin gætu með léttu lagi nálgazt Evrópusambandið án þess að ganga alla leið inn í einu stökki. Svisslendingar einir tóku ekki þessu boði, enda voru þeir þá ekki einu sinni aðilar að Sameinuðu þjóðunum (þeir gengu þangað inn fáeinum árum síðar). Aðild Íslands að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu myndi hafa umtalsverðar pólitískar afleiðingar í för með sér, og það er því að öllu leyti eðlilegt, að menn greini á um þær. Stjórnsmál eru ævinlega álitamál svo sem liggur í hlutarins eðli. Að þessu leyti er spurningin um aðild Íslands að Evrópusambandinu í eðli sínu sambærileg við spurninguna um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu á sinni tíð.

Við fögnum á þessum degi 90 ára fullveldi Íslands í skugga hörmulegs skipbrots íslenskra banka og atvinnulífs. Neistinn, sem kveikti bálið, barst að sönnu frá útlöndum. Vitneskjan um erlendan uppruna fyrsta neistans léttir þó ekki byrðarnar, sem brotið leggur á þjóðina. Fyrirhyggjuleysi og ábyrgðarleysi innlendra stjórnvalda fyrir og eftir hrunið bendir til, að bankarnir hefðu fyrir eða síðar ratað í vanda, þar eð íslensk stjórnvöld virtu strax á vordögum að vettugi fjölmargar áskoranir um að grípa í taumana með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þvermóðska stjórnvalda, í nafni sjálfstæðrar peningastefnu og íslensku krónunnar, var dýru verði keypt og hefur svert álit Íslands í útlöndum. Dramb er falli næst. Undirstaða íslensks þjóðlífs og efnahagslífs er eigi að síður sterk, sannarlega sá hluti hennar, sem býr í fólkinu sjálfu, menntun þess og menningu. Yfirbyggingin bilaði, og undirstaðan veiktist einnig að því leyti, að sjávarútvegsfyrirtæki hafa undangengin ár safnað þrúgandi skuldum þrátt fyrir örláta meðgjöf í gegnum ókeypiss afhendingu aflakvóta. Ég sagði þrátt fyrir örláta meðgjöf, en hitt er þó líklega sönnu nær, að útvegsfyrirtækin steypu sér í skuldir í krafti kvótakerfisins með sameignarauðlind þjóðarinnar að veði. Uppskurður bankamálanna hlýtur að kalla einnig á uppskurð útvegsfélanna, enda eru bankarnir nú í reynd í eigu ríkisins, sem er nú helzti lánardrottinn útvegsfyrirtækjanna.

Ríkisstjórninni, Seðlabankanum og mörgum stjórnendum íslensks atvinnulífs og banka hafa orðið á svo alvarleg mistök, að efnahagslíf landsins hangir nú á heljarþröm. Valdastéttin brást skyldum sínum og heldur því nú fram, að allir beri ábyrgð á skipbrotinu, svo að öruggt sé, að enginn beri ábyrgð. Viðhorf þeirra vitnar ekki um auðmýkt eða iðrun frammi fyrir þeim þungu byrðum, sem þjóðin þarf nú að axla fyrir handvömm og hugleysi valdastéttarinnar. Fólkið í landinu mun ekki láta þjóða sér slíkan hroka. En gleymum samt aldrei öllu því, sem bindur okkur saman og gerir okkur að Íslendingum. Hlustum á Einar Ólaf Sveinsson, sem var prófessor í Háskóla Íslands:

Er sem allt íslenskt  
frá öllum tímum  
lands og lýðs  
leiki mér í hug:  
ilmur úr gróandi  
anganbrekku,  
ofviðri öræfa,  
úr af sævi,  
höfðingjasetur,  
hjáleigukot,  
auður, örbirgð,  
eymd og sæla,  
barns vormorgunn  
og blinds manns nótt.

Svo lengi sem þannig er ort á íslensku, stöndum við vörð um Ísland og íslenskt fullveldi og gætum hróðurs okkar og virðingar hvert gagnvart öðru og okkar allra í augum umheimsins.

Í guðs friði.